

Umsókn um heimild til að bæta litar-
og/eða merkiefnum í gas- og dísilolíu

Skatturinn
Vegskálum 1
850 Hellu

A Rekstraraðili

Nafn rekstraraðila	Kennitala	Lögheimilisveitarfélag
Heimili	Póstnúmer og pósthöð	Firmaheiti
Tegund framleiðslu eða innflutnings		

B Tilkynning um gjaldskylda starfsemi

Nýskráning Breyting Afskráning

<input type="checkbox"/> Framleiðsla eða aðvinnsla olíu
<input type="checkbox"/> Innflutningur olíu til endursölu eða eigin nota
<input type="checkbox"/> Kaup á olíu innanlands til endursölu

Meðfylgjandi er yfirlit yfir birgðageymslur, sölustaði, staðsetningu og stærð. Sjá bls. 2.

C Umsókn um heimild til að bæta litar- og/eða merkiefnum í gas- og dísilolíu

Meðfylgjandi er staðfesting Löggildingarstofu á að búnaður sé viðurkenndur og uppfylli skilyrði reglugerðar nr. 283/2005, um litun á gas- og dísilolíu, auk gæðahandbókar vegna viðhalds á litunarbúnaðinum.

D Athugasemdir

--

Undirskrift

.....
Dagsetning	Undirskrift

Leiðbeiningar

Eyðublað þetta er ætlað til tvíþættra nota, annars eða beggja þátta í senn. Annars vegar til nota við að sinna tilkynningarskyldu varðandi olíugjalds-skylda starfsemi (B-liður). Hins vegar til umsóknar um heimild til að bæta litar- og/eða merkiefnum í gas- og dísilolíu (C-liður).

Greiða skal í ríkissjóð vörugjald af gas- og dísilolíu sem flokkast í tollskrárnúmer 2710.1930 og nothæf er sem eldsneyti á ökutæki. Gjaldskyldan nær einnig til olíu í öðrum tollskrárnúmerum sem blönduð hefur verið gjaldskyldri olíu, enda séu blöndurnar nothæfar sem eldsneyti á ökutæki. Fjárhæð olíugjalds er 41 kr. á hvern lítra af olíu.

Gjald af innfluttri olíu skal greitt við tollafgreiðslu hennar hafi innflytjandi ekki verið skráður skv. 3. gr. laga nr. 87/2004 um olíugjald og kílómetragjald o.fl. Annars reiknast olíugjald við sölu eða afhendingu olíunnar.

Peir, sem framleiða olíu, stunda aðvinnslu olíu, flytja inn olíu til endursölu eða eigin nota eða kaupa olíu innanlands til endursölu, skulu ótilkvaddir tilkynna þá starfsemi til skráningar hjá ríkisskattstjóra áður en hún hefst.

A Rekstraraðili

Hér skal tilgreina nafn, kennitölu, póstfang og lögheimilissveitarfélag rekstraraðila, firmanafn og tegund framleiðslu eða innflutnings.

Breytingar á starfsemi eða lok hennar skal tilkynna án tafar.

B Tilkynning um gjaldskylda starfsemi

Merkja skal í viðeigandi reit hvort tilkynning varðar nýskráningu, breytingu á starfsemi eða lok hennar. Þá skal merkja í viðeigandi reit hvort starfsemi felst

í framleiðslu eða aðvinnslu olíu, innflutningi á olíu til endursölu eða eigin nota eða hvort um er að ræða kaup á olíu innanlands til endursölu.

Peir sem flytja inn olíu til endursölu skulu greina frá birgðageymslum, þ.m.t. sölustöðum, staðsetningu þeirra og stærð í sérstöku fylgiskjali með tilkynningunni.

C Umsókn um heimild til að bæta litar- og/eða merkiefnum í gas- og dísilolíu

Peir sem gjaldskyldir eru geta fengið heimild ríkisskattstjóra til að lita olíu til sölu eða afhendingar án innheimtu olíugjalds. Með umsókn til ríkisskattstjóra skal fylgja staðfesting Löggildingarstofu á að búnaður hafi verið viðurkenndur af þar til bærum aðila og uppfylli skilyrði reglugerðar nr. 283/2005, um litun á gas- og dísilolíu. Með beiðni um staðfestingu frá Löggildingarstofu skal jafnframt leggja fram gæðahandbók vegna viðhalds á litunarbúnaðinum þar sem fram kemur hvernig staðið verður að viðhaldi og eftirliti með búnaðinum.

D Athugasemdir

Varði tilkynning/umsókn breytingar á fyrri upplýsingum skal taka fram hér hvort um er að ræða viðbót við áður innsendar upplýsingar eða nýjar upplýsingar í stað áður innsendra. Hér getur aðili einnig ritað aðrar athugasemdir sínar.